

59. fundur skólanefndar

Menntaskólans að Laugarvatni

haldinn í Stofu íslenskra fræða, 3. apríl, 2009, kl. 10:00

Fundinn sátu:

Sigurður Ingi Jóhannsson, Gunnar Þorgeirsson, Edda Antonsdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þóra Húgósóttir, fltr. nemenda, Halldór Páll Halldórsson, Páll M. Skúlason og Sigurjón Mýrdal, fltr. kennara.

Margeir Ingólfsson var forfallaður

Fundarefni:

1. Skipan nýrrar skólanefndar - kjör formanns
2. Kynning á niðurstöðum samanburðarrannsóknar Rannsóknar og greiningar á líðan nemenda í framhaldsskólum 200, 2004 og 2007 – niðurstöður fyrir ML kynntar.
3. Kynning á niðurstöðum foreldrakönnunar sjálfsmatsnefndar skólans.
4. Kynning og samantekt eftir stefnumótunardaginn 23. jan. s.l.
5. Reikningskil 2008
6. Fjárhagsáætlun 2009 kynnt.
7. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð nýtt fólk í skólanefnd velkomið til starfa.

1. Skipan nýrrar skólanefndar - kjör formanns

Formaður gerði grein fyrir þeirri ákvörðun sinni að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku í nefndinni. Hann gerði tillögu um að Gunnar Þorgeirsson verði kosinn nýr formaður. Gunnar var síðan kosinn með öllum greiddum atkvæðum.

Skólameistari bað um orðið og flutti fráfarandi formanni, Sigurði Inga Jóhannssyni, þakkir fyrir ánægjulegt og traust samstarf. Hann afhenti honum gjöf fyrir hönd skólans. Sigurður Ingi þakkaði ánægjulegt samstarf undanfarin ár, en kvaðst hvergi nærri vera hættur afskiptum af málefnum skólans.

Aðalmenn í skólanefnd eru:

Edda Antonsdóttir
Margeir Ingólfsson
Sigurður Ingi Jóhannsson
Gunnar Þorgeirsson
Unnur Brá Konráðsdóttir

Varamenn:

Eiríkur Ágústsson
Halldóra J. Þorvarðardóttir
Inga Lóa Hannesdóttir
Aðalsteinn Sveinsson
Sædís Íva Elíasdóttir

Hér tók nýr formaður við fundarstjórn og gengið var til dagskrár að öðru leyti.

2. Kynning á niðurstöðum samanburðarrannsóknar Rannsóknar og greiningar á líðan nemenda í framhaldsskólum 2000, 2004 og 2007 – niðurstöður fyrir ML kynntar.

Skólameistari fór í gegnum helstu niðurstöður að því er varðar skólann.

3. Kynning á niðurstöðum foreldrakönnunar sjálfsmatsnefndar skólans.

Páll kynnti niðurstöður bráðabirgðasamantektar þessarar könnunar sem var framkvæmd í janúar 2009.

Skólanefnd lýsir ánægju sinni með niðurstöður könnunarinnar eins og þær birtast í þessari samantekt.

4. Kynning og samantekt eftir stefnumótunardaginn 23. jan. s.l.

Skólanefnd lýsir ánægju með stefnumótunardag í janúar: góða þátttöku og skilvirka vinnu.

Skólanefnd þakkar öllum þeim sem komu að málinu.

Skólameistari kynnti þá vinnu sem hefur farið fram í framhaldi stefnumótunardagsins, m.a. samantekt frá Capacent á niðurstöðum þeirrar vinnu sem þar fór fram.

5. Reikningsskil 2008

Skm. dreifði Rekstrarreikningi 2008 og Efnahagsreikningi 31. des, 2008 (*fskj.1*) og Skýringum (*fskj. 2*) og fylgdi úr hlaði með umfjöllun og útskýringum á einstökum þáttum.

Tekjuafgangur ársins skv. rekstrarreikningi er kr. 4.414.622.

Til kynningar.

6. Fjárhagsáætlun 2009 kynnt.

Skm. dreifði Rekstraráætlun 2009 (*fskj. 3*) og fylgdi úr hlaði með umfjöllun og útskýringum um einstaka þætti. Áætlunin gerir ráð fyrir að rekstrarafgangur verði kr. 3.591.243

Skólanefnd samþykkir áætlunina.

7. Önnur mál

a. Húsaleiga.

Fjallað var um húsleigu nemenda á heimavist á næsta skólaári.

b. Héraðsskólahúsið

Sigurður Ingi fjallaði um málefni hússins með tilliti til framtíðarnýtingar þess. Gagnrýndi að ekki skuli fást endaleg eða formleg svör frá ráðuneyti um hver staðan er eða hvert hlutverk hússins verður.

Ákveðið að skm. og form. óski fundar með ráðherra vegna málsins.

Fundi slitið kl 12.20

Fundargerð ritaði Páll M. Skúlason